



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í reiðhöllinni 4. nóvember 2024 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Sigrún Valdimarsdóttir, Ívar Hauksson, Vilfríður Fannberg Sæþórsdóttir, Hákon Leifsson og Einar Gíslason.

1. Verkefnalisti fyrir veturinn

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar verkefni sem fara þarf í.

- **Skipta um sílindera í reiðhöllinni.**
 - Ekkert lykakerfi er á reiðhöllinni sem lýsir sér í því að einn lykill er að hverri hurð og þá eru lykjar týndir að mörgum hurðum sem þyrftu að vera læstar þegar hér eru veislur og viðburðir. Verðhugmynd er kynnt fyrir stjórn. Samþykkt samhljóða.
- **Eldhús/afgreiðsluinnrétting á sjoppusvæði í anddyri.**
 - Vísað er í greinargerð í fundargerð stjórnar frá 11. mars 2024:

Í árlegum úttektum heilbrigðiseftirlitsins hefur ítrekað verið gerðar athugasemdir við aðstöðuleysi í veitingasölu í anddyri. Aðstaðan sé ekki til þess fallin að þar sé verið að meðhöndla matvæli.

Úr skýrslu heilbrigðisfulltrúa:

Hitastig var tekið af kæli og mældist innan marka reglugerðar nr . 506/2010 sem segir að hitastig kælivara skal vera 0-4°C. Innra eftirlit með hitastigi kælis ekki til staðar . Frávik. Ítrekun.

Í rými inn af sjoppu er vaskur með hreinlætisgögnum . Ekki er annar vaskur í sjoppu. Ekki er leyfilegt að nota sama vask sem handlaug og skolvask eða matvælavask .

Frávik. Ítrekun. Í geymslu inn af sjoppu eru geymd matvæli, einnota umbúðir utan um matvæla ásamt ýmsu öðru sem er ekki tengt matvælastarfsemi. Bæta þarf umgengni í geymslunni. Ábending. Matvæli skal geyma á hreinum stað.

Gerð er tillaga um að panta innréttingu úr IKEA og setja upp fyrir Landsmót þar sem aðstaða starfsmanna mótsins verður á þessu svæði í anddyrinu. Þá myndi ný innrétting nýtast árið um kring á mótum og viðburðum sem haldnir eru í reiðhöllinni.

Framkvæmdastjóra var falið að gera kostnaðaráætlun og er hún kynnt fyrir stjórn.

- **Félagshesthús – Skipta um hurð út í viðringargerði**
 - Hurðin er ónýt og skipta þarf um hurð. Verðhugmynd er kynnt stjórn.
- **Veggir í anddyri**
 - Á stjórnarfundu 22. júlí var samþykkt að sækja um leyfi fyrir skilrúmum í anddyri. Búið er að hafa samband við hönnuð hússins og beðið er eftir álitum frá honum. Gangi þarf frá veggjum í framhaldi.



- **Fundarborð, stólar og borð.**
 - Óskað er eftir heimild til að kaupa nýtt fundarborð og stóla og borð í anddyri reiðhallarinnar. Horft er til þess að kaupa alla þessa hluti hjá aðilum eins og Efnisveitunni sem meðhöndlar notaða en vel með farna hluti. Framkvæmdastjóri kynnir fyrirhuguð kaup stjórnarmeðlimum á Workplace.
- **Lýsing í bandagerði**
 - Gott væri að setja upp lýsingu í bandagerði í Faxabóli. Samþykkt er að setja upp kastara í gerðið.

2. Uppskeruhátíðir Fáks og Spretts

Uppskeruhátíð barna og unglunga fer fram 5. nóvember í veislusal Spretts. Kynntir eru þeir knapar sem náð hafa framúrskarandi árangri í sínum flokkum.

Uppskeruhátíð fullorðinna fer svo fram 22. nóvember næstkomandi. Þar verða stigahæstu knapar í ungmenna, áhugamanna og fullorðinsflokki veittar viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í sínum flokkum.

3. Helstu dagsetningar móta og viðburða á næsta ári

- a. Þorrablot – Rætt var síðastliðinn vetur að halda sameiginlegt þorrahlaðborð saman með Spretturnum. Framkvæmdastjóra er falið að kanna grundvöll fyrir því.
- b. Kvinnakvöld Fáks verður 1. mars.
- c. Dagur reiðmennskunnar og stórsýning Fáks
 - i. 29. mars
- d. Meistaradeild Æskunnar
 - i. 9. febrúar
 - ii. 23. febrúar
 - iii. 23. mars
 - iv. 6. apríl
- e. Minni mót:
 - i. 1. febrúar – T7 mót
 - ii. 15. febrúar – Vetrarleikar I
 - iii. 15. mars – Vetrarleikar II
 - iv. 24. apríl – Firmakeppni og 103 ára afmæli félagsins.
 - v. 10. maí - Almannadalsmótið
- f. Félagstúrar
 - i. Þorrareiðtúr
 - ii. 26. apríl – Harðarmenn koma í heimsókn
 - iii. 3. maí – Hlégarðsreið
 - iv. 23. maí – Miðnæturreið í Gjárétt
- g. Stórmót
 - i. 30. maí til 1. júní Gæðingamót Spretts og Fáks á félagssvæði Spretts.
 - ii. 9.-15. júní Reykjavíkurstameistaramót Fáks
- h. Kynbótasýning
 - i. 2.-6. eða 16.-20. júní



4. Starfsmaður í félagshesthús

Framkvæmdastjóri hitti áhugasaman aðila til að sjá um gjafir og að snyrtilegt sé í hesthúsinu. Framkvæmdastjóri fær heimild til að semja við aðilann.

5. Fundur með Sorpu

Framkvæmdastjóri fer á fund með Sorpu ásamt fulltrúum Sprettis næstkomandi föstudag út af stöðunni á losun á taði en heilbrigðiseftirlitið er búið að loka losunarstöðum sem verktakar hafa haft aðgang að.

Fundi slitið 18:10

Fundargerð ritaði Einar Gíslason